

krónur í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 6. mars 1981.

Nr. 298/1979. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Knúti Bruun

(Jóhannes L. L. Helgason hrl.)

og

Þorfinni Egilssyni

(Jón Finnsson hrl.).

Fjárráttur. Fjársvik. Sýknað af ákæru fyrir brot gegn 147. gr. alm. hegningarlaga. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi í máli þessu var að ósk ákærðu skotið til Hæstaréttar. Einnig er honum áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

I.

Við skipakaup þau, sem mál þetta er af risið, kom ákærði Knútur fram fyrir kaupanda. Hann hefur viðurkennt að hafa tekið við 100.000 norskum krónum í Rogalandsbanken 9. október 1974, eins og kvittun hans ber með sér og greinir í héraðsdómi.

Í þinghaldi 9. júlí 1976 ber ákærði Knútur, að í júlímánuði

1974, er kaupin á skipinu voru rædd, hafi samist um kaupverðið 2.800.000 norskar krónur og það þá verið lækkað nokkuð frá því, sem seljandi hafi upphaflega krafist. Hann hafi reiknað með, að í þessari fjárhæð væru innifalin venjuleg umboðslaun, „þ. e. 2% til beggja umboðsmanna“, sem greidd yrðu af seljanda skipsins. Kveður hann alla samninga um væntanleg umboðslaun hafa verið gerða af Simon Møkster og ákærða Þorfinni, en hann sjálfur þar hvergi nærri komið.

Í sama þinghaldi kveðst ákærði Knútur hafa talið þær 100.000 norsku krónur, er hann kvittaði fyrir móttöku á í Rogalandsbanken „sem umboðslaun eða ef til vill nokkurs konar lokaafslátt“. Við síðari yfirheyrslur skýrði hann þessa fjárhæð sem afslátt af kaupverði skipsins. Ekki gerði hann stjórnarmönnum Sandskips h/f grein fyrir greiðslu þessari til sín.

Ákærði Knútur staðhæfði, að af þessum 100.000 norskum krónum hefði hann greitt 50.917.20 norskar krónur vegna skipsins. Sótti hann síðar, eftir að rannsókn máls þessa hófst, um gjaldeyrisyfirfærslu fyrir þessari fjárhæð og sýndi reikninga fyrir kostnaði þessum, eins og rakið er í héraðsdómi. Verður að byggja á þessari fullyrðingu hans, svo sem gert er í héraðsdómi.

Ákærði Knútur stóð ekki Sandskipi h/f skil á mismuninum, 49.082.80 norskum krónum. Eigi hefur hann heldur gert viðhlítandi grein fyrir, hvernig fé þessu var varið. Þykir hann því hafa brotið gegn 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Knútur hefur staðfastlega haldið því fram, að hann hafi ekki betur vitað í ágúst og september 1974, er hann ritaði bréf þau og gjaldeyrisumsóknir, sem getur í II. kafla ákæru, en að raunverulegt kaupverð skipsins væri 2.800.000 norskar krónur, enda hafi sér verið með öllu ókunnugt um kröfu ákærða Þorfinns til umboðslauna og samninga hans við seljanda um þau. Verður að byggja á þessari staðhæfingu ákærða Knúts, en framburðir Norðmanna þeirra, sem hlut áttu að máli við sölu skipsins, um, að ákærða Knúti hafi

verið um þetta kunnugt við samningsgerð um kaupin í júlímánuði 1974, eru eigi svo eindregnir, að hið gagnstæða verði á þeim byggt.

Ber að svo vöxnu máli að staðfesta úrlausn héraðsdóms um sýknu ákærða Knúts af sakargiftum, er getur í II. kafla ákæru.

II.

Ákærði Þorfinnur Egilsson kveðst telja, að hann hafi við kaupin á skipinu starfað sem umboðsmaður seljanda og komið á sambandi milli hans og kaupanda fyrir milligöngu Simonar Møkster. Kveðst ákærði Knútur og hafa litið svo á. Af rannsókn málsins um samningaumræður þær, sem fram fóru um sölu skipsins og verð þess, verður ekki annað ráðið en ákærði Þorfinnur hafi verið milligöngumaður kaupanda og miðlara seljanda, Simonar Møkster, og átt hlut í samningum af kaupanda hálfu um verðið.

Simon Møkster kveðst við sölu skipsins hafa verið miðlari (megler) seljanda og skýrir stöðu sína í þessu sambandi svo, að hann „opptráðte som megler og koordinator i Norge“. Kveðst Simon Møkster hafa talið ákærða Þorfinn miðlara (megler) kaupanda, hann hafi litið á ákærða Þorfinn „som megler og koordinator på Island“. Gunnar Vegard Skjørestad talar um ákærðu sem miðlara Íslendinganna.

Ákærði Þorfinnur hefur, svo sem rakið er í hinum áfrýjanda dómi, viðurkennt að hafa áskilið sér og mótttekið 300.000 norskar krónur af þeim 2.800.000 norskum krónum, er í kaupsamningi voru skráðar söluverð skipsins og lagðar höfðu verið inn í Rogalandsbanken. Með þessu hækkaði hið raunverulega kaupverð þess um fyrrgreindu fjárhæðina. Ákærði Þorfinnur leyndi kaupanda skipsins þessu, en hann mátti byggja á því, að af kaupverðinu samkvæmt samningi greiddi seljandi hæfileg umboðslaun til miðlara, svo sem hann raunar gerði með greiðslunni til Simonar Møkster.

Ákærði Þorfinnur hagnýtti sér hina röngu hugmynd kaupanda um raunverulegt verð skipsins og hagnaðist þannig um 300.000 norskar krónur. Pykir hann með því hafa gerst brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Í upphafi ákæru er ákærði Þorfinnur sagður við kaup á skipinu hafa komið fram af hálfu seljanda ásamt Símoni Møkster. Þetta getur þó ekki breytt niðurstöðu málsins, en síðar í ákæru er nánar lýst þeirri háttsemi, sem ákærða Þorfinni er gefin að sök.

Héraðsdómari sakfelldi ákærða Þorfinn vegna greiðslu til ákærða Knúts á 100.000 norskum krónum. Ekki þykir verða ráðið af ákæru, að ákærði Þorfinnur sé ákærður vegna þessa. Kemur því ekki til álita, hvort ákærði Þorfinnur hafi til sakar unnið að því er varðar greiðslu þessa til ákærða Knúts. Ríkissaksóknari hefur og lýst yfir því hér fyrir dómi, að atvikalýsing ákæru taki ekki til þessa tilviks og að héraðsdómari hafi að þessu leyti farið út fyrir sakargiftir ákæru.

III.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sviptingu málflutningsleyfa ákærðu, þó svo, að réttindasvipting telst frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða Knút til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 4.000.00 krónur (nýkr.), og ákærða Þorfinn til að greiða skipuðum verjanda sínum hér fyrir dómi málsvarnarlaun, 4.000.00 krónur (nýkr.). Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar ber að dæma þá til að greiða óskipt, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 6.000.00 krónur (nýkr.).

D ó m s o r ð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærðu og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði Knútur Bruun skal sviptur leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti og héraðsdómi í 3 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Þorfinnur Egilsson skal sviptur leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi í 3 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Knútur Bruun greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóhannesar L. L. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, 4.000.00 krónur.

Ákærði Þorfinnur Egilsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 4.000.00 krónur. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærðu óskipt, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 6.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

I.

Um ákæruskjal.

Í I. kafla ákæruskjals eru ákærðu báðir ákærðir fyrir fjárdrátt samkvæmt 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara fyrir umboðssvik samkvæmt 249. gr. sömu laga. Samkvæmt ákæruskjalinu er hið fjárdregna fé talið nema samtals 400.000 norskum krónum, sem ákærðu hafi látið greiða sér af sameiginlegum reikningi seljanda og kaupanda skipsins m/s Jörpeland í Rogalandsbanken A/S og tekið við í eigin þágu, ákærði Þorfinnur 300.000 krónum, en ákærði Knútur 100.000 krónum. Eins og ákæruskjalið er orðað, verður við það að miða, að hvorum hinna ákærðu sé einungis gefið að sök að hafa gerst sekur um auðgunarbrot að því er tekur til fjár, sem hann sjálfur veitti viðtöku. Er þetta og skilningur ákæruvalds á ákæruefni samkvæmt reifun fyrir Hæstarétti á sakargiftum.

Í lýsingu í ákæruskjali á athöfnum ákærða Þorfinns, sem honum eru gefnar að refsiverðri sök, er við það miðað, að hann hafi komið fram ásamt Símoni Møkster sem umboðs-

maður seljanda við kaup á m/s Jörpeland. Við það verður þó að miða, svo sem greinir í II B hér á eftir, að við kaup þessi hafi ákærði Þorfinnur starfað fyrir kaupandann, Sandskip h/f, og í því horfi voru málsatvik reifuð fyrir Hæstarétti af hálfu ákæruvalds. Þessi annmarki á ákæruskjali verður ekki talinn alveg nægur til, að hann megi skjóta loku fyrir það samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, að ákærði Þorfinnur verði dæmdur fyrir þær athafnir, sem í ákæruskjali eru greindar og er þar að öðru leyti nægilega lýst.

II.

Ákæra á hendur báðum ákærðu um brot á 247. gr., en til vara 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

A. Ákærði Knútur Bruun.

Með skírskotun til þess, sem greint er í III. kafla A lið í hinum áfrýjaða dómi, verður að telja sannað, að af þeim 2.800.000 norsku krónum, sem í skriflegum kaupsamningi voru tilgreindar sem söluverð m/s Jörpeland og kaupanda bar samkvæmt samningunum að leggja inn á sameiginlegan reikning sinn og seljanda í Rogalandsbanken A/S, hafi átt að greiða 400.000 norskar krónur til íslenskra aðilja. Af þessu fé átti ákærði Þorfinnur að fá 300.000 norskar krónur samkvæmt eigin játningu og öðrum gögnum, svo sem nánar verður greint í B hér á eftir. Að því er tekur til mismunarins, 100.000 norskra króna, þykir nægilega sannað, að hann hafi átt að renna til ákærða Knúts. Vísast um það sérstaklega til vitnisburðar þeirra Simonar Møkster og Gunnars Vegard Skjørestad og skjals þess, sem undirritað er af Lars Hovland, en fannst í skrifstofu ákærða Þorfinns við leit þar. Þó að ekki sé sennilegt, að ákærða Knúti hafi verið með öllu ókunnugt um þessa fyrirhuguðu greiðslu til sín, er þó varhugavert að hnekkja því mati héraðsdómara, að hann hafi fyrst fengið vitneskju um hana um það leyti, er hún var af hendi innt hinn 9. október 1974.

Ákærði Knútur gaf þá skýringu á greiðslu þessari, þegar hann var fyrst um hana spurður við rannsókn málsins, að hann hefði litið á hana sem „umboðslaun eða ef til vill nokk-

urs konar lokaafslátt“. Síðar skýrði hann greiðsluna með því, að komið hefði í ljós við afhendingu skipsins, að ýmislegt, sem seljanda hefði borið að lagfæra, hefði þá enn verið ógert eða ekki verið nógu vel lagfært. Hefði þetta orðið til þess, að 100.000 króna afsláttur hefði fengist af umsömdu verði skipsins.

Það fær ekki stoð í framburði hinna norsku aðilja, sem yfirheyrðir hafa verið, að við afhendingu m/s Jörpeland hafi verið samið um nokkurn afslátt af umsömdu kaupverði skipsins. Könnun sakargagna leiðir ekki í ljós neina sérstaka vanefnd seljanda, sem hafi mátt verða tilefni til þess, að seljandi veitti afslátt af kaupverði skipsins að kröfu kaupanda, ef undan er skilin dæld nokkur á skipinu. Sú skemmd var hins vegar færð seljanda til gjalda með 12.500 krónum á sérstöku reikningsyfirliti, sem er meðal reikninga, er ákærði Knútur greiddi, svo sem getið er í héraðsdómi. Þá er eigi heldur neitt að finna í sakargögnum eða rannsókn málsins, sem af verði ráðið, að seljandi hafi fengið í hendur neins konar viðurkenningu fyrir því, að með umræddum 100.000 krónum teldist hann hafa fullnægt sérstökum samningsskyldum, sem ólokið hafi verið. Væri það með miklum ólíkindum, að seljandi hefði innt af hendi svo mikið fé í slíku skyni, án þess að svo mikið sem kvittun sýndi, af hvaða tilefni greitt var. Ákærði Knútur kvittaði fyrir 100.000 króna greiðslunni af hinum sameiginlega reikningi í Rogalandsbanken A/S í eigin nafni, og bendir það enn til þess, að fé þetta hafi verið greitt honum sjálfum, en ekki verið afsláttur veittur Sandskipi h/f. Er hann sótti um gjaldeyrisleyfi 18. júní 1976 vegna reikninga, sem hann greiddi vegna Sandskips h/f 1974, samtals að fjárhæð 50.917.20 norskar krónur, sagði hann og í umsókn sinni, að fé þetta hefði verið greitt af „umboðslaunum“. Kemur það heim við þá skýringu, sem hann gaf á 100.000 króna greiðslunni í upphafi rannsóknar og áður er greind.

Þegar virt er allt það, sem nú var rakið, þykir ekki geta hafa farið hjá því, að ákærða Knúti hafi verið ljóst, er hann veitti viðtöku 100.000 króna greiðslunni frá Rogalandsbanken A/S, að þar væri um að ræða sérstök „umboðslaun“ til hans,

sem innifalinn hefðu verið í kaupverði m/s Jörpeland samkvæmt kaupsamningi. Verður að telja, að með viðtöku þessa fjár af hinum sameiginlega reikningi án nokkurra leiðréttunga gagnvart Sandskipi h/f á því, hvert væri raunverulegt kaupverð skipsins, hafi hann misnotað aðstöðu sína gagnvart félaginu, þannig að refsivert sé samkvæmt 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við ákvörðun refsingar ber þó að hafa í huga, að af umræddum 100.000 krónum greiddi ákærði reikninga fyrir Sandskip h/f, samtals að fjárhæð 50.917.20 norskar krónur.

B. Ákærði Þorfinnur Egilsson.

Ákærði Þorfinnur viðurkenndi, þegar hann kom fyrst fyrir sakadóm 8. júlí 1976 og enn hinn 16. s. m., að frá því hefði verið gengið, áður en kaupsamningur var undirritaður, að af 2.800.000 króna kaupverðinu samkvæmt samningnum fengi hann sjálfur 300.000 krónur. Þetta staðfesti ákærði Þorfinnur einnig síðar undir rannsókn málsins, en þó með þeirri breytingu, að greiðslan hefði fyrst verið ákveðin eftir gerð kaupsamnings, en í sömu ferð. Framburðir Norðmanna þeirra, sem störfuðu að sölu m/s Jörpeland og raktir eru í héraðsdómi, benda eindregið til þess, að hin upphaflega skýrsla ákærða sé að þessu leyti réttari. Þykir því eigi varhugavert að leggja hana til grundvallar í málinu, og það því fremur sem hinn breytti framburður fær eigi stoð í öðrum sakargögnum.

Ákærði Þorfinnur hefur gefið þá skýringu á hinni umsömdu greiðslu, að hún hafi átt að vera umboðslaun til hans fyrir að starfa að sölu m/s Jörpeland fyrir seljanda eða miðlara hans, Simon Møkster. Ekkert er þó komið fram við rannsókn málsins því til styrktar, að hann hafi starfað að sölunni fyrir þessa aðilja sérstaklega. Hafa þeir alveg gagnstætt borið, að þeir hafi litið svo á, að ákærði Þorfinnur væri miðlari kaupandans. Með skírskotun til framburðar þessara manna verður að telja sannað, að svo hafi verið, enda fær það stoð í skýrslu ákærða Þorfinns sjálfs um tildrög þess, að hann fór að starfa að umræddum viðskiptum. Hefur hann

borið svo um þetta, að maður nokkur, sem síðar gerðist stofnandi Sandskips h/f, hafi beiðst aðstoðar hans við leit að sanddæluskipti til kaups.

Með því að áskilja sér og taka við áðurgreindri fjárhæð, sem var með öllu óeðlileg miðað við það starf, sem af hendi var innt, og láta þess að engu getið, að fé þetta skyldi greitt ákærða af hinum sameiginlega reikningi, áður en kæmi til útborgunar kaupverðs til seljanda, þykir ákærði Þorfinnur hafa misnotað aðstöðu sína með þeim hætti, að refsingu varði hann samkvæmt 249. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Um ákæru á hendur Knúti Bruun um brot á

147. gr. almennra hegningarlaga.

Það leiðir af því, sem rakið var undir II A hér að framan, að varhugavert er að telja nægilega sannað, að ákærði Knútur hafi haft vitneskju um það, þegar hann ritaði bréf þau og gjaldeyrisumsóknir, sem getur í II. kafla ákæru, að kaupverð m/s Jörpeland næmi í raun rétttri lægri fjárhæð en 2.800.000 norskum krónum. Að svo vöxnu máli ber að staðfesta héraðsdóm um sýknu ákærða Knúts af sakargiftum um brot á 147. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

Um refsingu ákærðu og önnur viðurlög.

Með vísun til þess, sem að framan er rakið, fellst ég á það, sem segir í III. kafla atkvæðis meiri hluta dómenda um refsingu ákærðu, réttindasviptingu og sakarkostnað. Er ég því einnig samþykkur dómsorði þeirra.

S É R A T K V Æ Ð I

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

I.

Í ákæruskjali er ákærði Þorfinnur Egilsson talinn hafa komið fram af hálfu seljanda ásamt Símoni Møkster. Allt að einu er hann ákærður fyrir brot gegn 247. gr. almennra hegningarlaga fyrir að hafa dregið sér fé úr eigin hendi, sem

skilja verður svo í ákæru, að hafi verið eign kaupanda, Sandskips h/f. Við reifun málsins fyrir Hæstarétti byggði ríkissaksóknari á því, að ákærði Þorfinnur hefði verið umboðsmaður kaupanda, svo sem framburðir hinna norsku viðsemjenda greini frá.

Ég fellst á það með meiri hluta dómenda, að þessir gallar á málatilbúnaði af hálfu ákæruvalds eigi ekki að hafa áhrif á úrlausn um sök eða sýknu þessa ákærða.

II.

Ég tel gögn málsins sýna, að ákærði Þorfinnur hafi hvorki verið umboðsmaður kaupanda né seljanda, heldur hafi hann í sambandi við störf sín fengið vitneskju um óskir beggja, seljanda og kaupanda, og notfært sér þá vitneskju til þess að gerast milligöngumaður milli umboðsmanns seljanda, Símonar Møkster, og stjórnarformanns kaupanda, ákærða Knúts Bruun, og koma þannig á þeim kaupum á skipinu m/s Jørpeland, sem mál þetta er risið af.

III.

Neitun ákærða Knúts Bruun á því, að samningur um greiðslu þá til hans að fjárhæð norskar krónur 100.000, sem innt var af hendi í október 1974, hafi verið gerður af honum eða með vitneskju hans um það leyti, sem kaupsamningur var gerður í júlí 1974, er eigi studd öðrum gögnum en framburði meðákærða Þorfinns Egilssonar. Svo sem greinir í héraðsdómi, kemur fram af yfirlýsingu Lars Hovland („Avtale“), sem fannst í fórum ákærða Þorfinns, að samið hafi verið um greiðsluna til ákærða Knúts um leið og greiðsluna til ákærða Þorfinns, eða um sama leyti og kaupsamningur var gerður. Verður að telja efni yfirlýsingar þessarar og tilvist hennar í fórum ákærða Þorfinns draga svo úr sannleiksgildi framburðar hans um þessi atriði, að leggja meg til grundvallar framburði hinna norsku viðsemjenda um tíma og aðild ákærða Knúts að samningi um greiðslu þessa til hans þrátt fyrir neitun hans. Þykir því nægilega sannað, að ákærði Knútur hafi þegar í júlí 1974 tekið þátt í samningum um

marggreinda 100.000 norskra króna greiðslu til sín og 300.000 norskar krónur til meðákærða Þorfinns.

IV.

Ákærði Knútur Bruun kom sem stjórnarformaður Sandskips h/f fram fyrir kaupanda hönd við kaup m/s Jørpe-land. Hann hafði því þá aðstöðu, sem greinir í 249. gr. alm. hegningarlaga. Ákærði Þorfinnur Egilsson var sem milli-göngumaður samstarfsmaður ákærða Knúts við kaupin. Hafði hann því einnig þá aðstöðu gagnvart kaupanda, sem í framangreindri hegningarlagagrein greinir.

Með samningum við seljanda um tvenns konar verð skips-ins og tileinkun mismunarins sér til handa, ákærði Knútur 100.000 norskar krónur og ákærði Þorfinnur 300.000 norskar krónur, hafa þeir báðir gerst brotlegir við téða hegningarlagagrein.

Með því að tilgreina rangt raunverulegt kaupverð skips-ins í 2 bréfum til „Langlánanefndar“ viðskiptaráðuneytisins, dagsettum 13. ágúst og 26. september 1974, svo og 2 umsóknum um kaup á erlendum gjaldeyri til Landsbanka Íslands, dagsettum 21. og 26. september 1974, hefur ákærði Knútur Bruun gerst brotlegur við 147. gr. alm. hegningarlaga.

Ég tel refsingu ákærða Knúts Bruun hæfilega ákveðna með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga fangelsi 6 mánuði, og refsingu Þorfinns Egilssonar tel ég einnig hæfilega ákveðna fangelsi 6 mánuði.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um sviptingu réttinda, greiðslu sakarkostnaðar, áfrýjunarkostnað, þ. m. t. sak-sóknarlaun í ríkissjóð og málsvarnarlaun.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. mars 1979.

Ár 1979, þriðjudaginn 13. mars, er á dómþingi sakadóms Reykja-víkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni saka-dómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 81—82/1979: Ákæruvaldið gegn Knúti Bruun og Þorfinni Egilssyni, sem tekið var til dóms 12. þ. m.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 28.

janúar 1977, á hendur ákærðu, Knúti Bruun hæstaréttarlögmanni, Espigerði 4, Reykjavík, fæddum þar í borg 8. nóvember 1935, og Þorfinni Egilssyni héraðsdómslögmanni, Espigerði 4, Reykjavík, fæddum á Ísafirði hinn 26. ágúst 1940. Í ákærunni er ákærðu gefið að sök „að hafa gerst sekir um eftirgreind brot í sambandi við kaup Sandskips h.f., Reykjavík, á sanddæluskipinu m. s. Jörpeland (síðar m. s. Grjótjötunn) af Lars Hovland & Co., Jörpeland, Noregi, á árinu 1974, en við kaup þessi kom ákærði Þorfinnur fram af hálfu seljanda ásamt Símon Møkster, Stavanger, en af hálfu kaupanda samdi ákærði Knútur Bruun, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Sandskips h.f., um kaupin.

I. Auðgunarbrot.

Samkvæmt kaupsamningi milli Lars Hovland & Co., Jörpeland, og Sandskips h.f., Reykjavík, frá 24. júlí 1974, var kaupverð skipsins norskar krónur 2.800.000.-, og skyldi sú fjárhæð lögð inn á sameiginlegan reikning seljanda og kaupanda í Rogalandsbanka A/S, Stavanger, þar sem greiðsla kaupverðs færi og fram samtímis afhendingu skipsins til kaupanda. Hinn 10. október 1974 var innstæða á hinum sameiginlega reikningi seljanda og kaupanda, sem til hafði verið stofnað samkvæmt framan-sögðu, norskar krónur 2.800.000.-. Skipið var afskráð í Noregi 9. október 1974, afhent kaupanda 10. s. m., og var þá svo í reynd gengið frá þessum kaupum í Rogalandsbanka af hálfu ákærðu, að Þorfinni Egilssyni voru þá greiddar norskar krónur 300.000.- af fyrrgreindri bankainnstæðu og Knúti Bruun norskar krónur 100.000.- af sömu innstæðu, sem ákærðu komust þannig yfir til eigin ráðstöfunar, allt án heimildar og vitundar annarra stjórnarmanna Sandskips h.f. Varð endanlegt söluverð skipsins þannig í reynd norskar krónur 2.400.000.-.

Þykja ákærðu með töku fyrrgreindra fjárhæða í eigin þágu hafa gerst sekir um fjárdrátt samkvæmt 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara um umboðssvik samkvæmt 249. gr. sömu laga.

II. Rangar skýrslur.

Þá er ákærða Knúti Bruun gefið að sök að hafa gerst sekur um ranga skýrslugjöf til stjórnvalda með eftirgreindum hætti:

1. Með 2 bréfum, er hann reit f. h. Sandskips h.f. „Langláanefnd“ viðskiptaráðuneytisins, Reykjavík, dagsettum 13. ágúst og 26. september 1974, þar sem hann staðhæfir vegna umsóknar

Sandskips h.f. um heimild til erlendrar lántöku vegna kaupa á skipi því, sem um ræðir í I. kafla ákærunnar, að kaupverð skipsins væri norskar krónur 2.800.000.-. Samþykkti viðskiptaráðuneytið lántöku þessa, þ. e. heimild fyrir Sandskip h.f., til töku 80% af fyrrgreindri fjárhæð að láni hjá Exportfinans A/S, Oslo, með bréfi, dagsettu 11. október 1974, til Sandskips h.f.

2. Með 2 umsóknum f. h. Sandskips h.f. um kaup á erlendum gjaldeyri af Landsbanka Íslands, Reykjavík, dagsettum 21. og 29. september 1974, þar sem leitað er eftir kaupum á norskum krónum 560.000.-, sem væru til greiðslu á 20% kaupverðs skips þess, sem fyrr greinir. Umsóknir þessar voru samþykktar, og fyrir milligöngu Landsbanka Íslands var fjárhæð þessi yfirfærð til Rogalandsbanka, Stavanger, til fyrrgreindrar ráðstöfunar.

Þykir ákærði Knútur Bruun með framangreindum hætti hafa gerst brotlegur samkvæmt 147. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III. Dómkröfur.

Krafist er:

1. Að ákærðu verði dæmdir til refsingar.
2. Að ákærðu verði dæmdir til greiðslu skaðabóta, ef krafist verður.
3. Að ákærðu verði samkvæmt 68. gr. hegningarlaganna, sbr. 6. gr. laga nr. 31/1961, sviptir leyfum til málflutnings, ákærði Knútur Bruun fyrir héraðsdómi og Hæstarétti og ákærði Þorfinnur Egilsson fyrir héraðsdómi.
4. Að ákærðu verði dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar.“
Málavextir eru sem hér segir:

I.

Hinn 24. júlí 1974 var í Stafangri, Noregi, gerður kaupsamningur milli fyrirtækisins Lars Hovland & Co., Jørpeland, sem seljanda og h/f Sandskips, Reykjavík, sem kaupanda um kaup á sanddæluskipi, m/s Jørpeland, fyrir norskar kr. 2.800.000. Skipið skyldi afhent fyrir 30. september 1974. Samkvæmt 18. gr. samningsins var áskilið samþykki Landsbanka Íslands fyrir fjármögnun á 80% kaupverðs, og samkvæmt 19. gr. var áskilið samþykki stjórnar Sandskips h/f til kaupa skipsins. Fyrir hönd kaupanda undirritaði ákærði í máli þessu, Knútur Bruun, kaupsamninginn, en af hálfu seljanda Lars Hovland.

Með bréfi til langlánanefndar, dags. 13. ágúst 1974, fór ákærði Knútur Bruun þess á leit fyrir hönd Sandskips h/f, að langlánanefnd heimilaði erlenda lántöku vegna kaupa á sandskipi frá Noregi. Kaupverð skipsins væri norskar kr. 2.800.000. Að láni fengjust 80% kaupverðsins hjá „Norsk finans“, Osló, til 8 ára. Enn skrifaði ákærði langlánanefnd með bréfi, dags. 26. sept. 1974, og mun það bréf ritað af því tilefni, að nefndin hafði óskað eftir upplýsingum um fjármögnun á útborgun vegna kaupa á skipinu, þ. e. 20% kaupverðs, og enn fremur að fyrir lægju upplýsingar um verkefni skipsins eftir heimkomu. Eru í bréfi þessu upplýsingar um hluthafa í Sandskipi h/f og hlutafé svo og um væntanleg verkefni fyrir skipið. Með bréfi viðskiptaráðuneytisins, dags. 11. október 1974, til Sandskips h/f samþykkir ráðuneytið lántöku erlendis vegna 80% af kaupverði umrædds skips, norskar kr. 2.800.000, hjá „Exportfinans A/S“ til átta ára með 8½% vöxtum.

Hinn 21. september 1974 sótti ákærði Knútur fyrir hönd Sandskips h/f um kaup á erlendum gjaldeyri hjá Landsbanka Íslands, þ. e. norskar kr. 280.000 til greiðslu inn á sameiginlegan reikning Lars Hovland & Co., Jörpeland, og Sandskips h/f, Reykjavík, í Rogalandsbanka, Stafangri. Er tilgreint, að þetta sé til greiðslu á 10% af kaupverði sanddæluskips, m/s Jörpeland. Hinn 26. s. m. sótti ákærði einnig til sama banka um kaup á norskum kr. 280.000 fyrir hönd Sandskips h/f til greiðslu á síðari hluta útborgunar á kaupverði sanddæluskips. Átti greiðslan að leggjast á sama hátt inn á sameiginlegan reikning til greindra aðilja. Hilutu báðar þessar umsóknir jákvæða afgreiðslu.

Eftir því sem næst verður komist af gögnum málsins fór afhending umrædds skips fram í Stafangri hinn 9. október 1974. Hafði þá kaupverð þess verið lagt inn á sameiginlegan reikning seljanda og kaupanda í Rogalandsbanka í Stafangri, og var gengið frá greiðslum þann sama dag.

Samkvæmt gögnum, sem liggja fyrir í málinu, var hlutafélagið Sandskip stofnað hinn 23. september 1974 og skráð í hlutafélagaskrá Reykjavíkur hinn 25. s. m. Tilgangur félagsins skyldi vera að reka alls konar skipaútgerð, annast dýpkunarframkvæmdir, vinnslu og sölu jarðefna og annan skyldan atvinnurekstur svo og lánastarfsemi. Stofnendur voru Kristinn Sigurjónsson, Álfheimum 5, Reykjavík, Ragna Halldórsdóttir, sama stað, Knútur Bruun, Klöpp, Mosfellshreppi, Margrét Ingólfssdóttir, sama stað, Jóhann Kristjónsson, Norðurbrún 30, Reykjavík, Sigriður Ólafs-

dóttir, Hverfisgötu 73, Reykjavík, Páll S. Jónsson, Barðaströnd 9, Seltjarnarnesi, og Oddný F. Kristinsdóttir, sama stað. Stjórn skipuðu Knútur Bruun, sem var formaður, en meðstjórnendur Kristinn Sigurjónsson og Páll G. Jónsson. Framkvæmdastjóri með prókúruumboði var Knútur Bruun. Hlutfé félagsins var 6.000.000 kr. og þar af skráð greitt kr. 1.500.000.

Samkvæmt endurriti úr gerðabók Sandskips h/f, sem frammi liggur í málinu, var á hluthafafundi, sem haldinn var í beinu framhaldi af stofnfundi hinn 23. september 1974, skýrt frá ferð Knúts Bruun til Noregs vegna kaupa á sanddæluskipi og lagður þar fram kaupsamningur um kaup á skipinu ásamt öðrum gögnum þar að lútandi. Fram kom, að kaupverð skipsins væri norskar kr. 2.800.000. Samþykkt var að fela stjórninni „að ganga frá endanlegum kaupsamningi, þannig að stjórnarformanni með og án annarra stjórnarmanna er falið að ganga frá lántökum, kaupsamningi svo og öðrum nauðsynlegum gögnum.“

II.

Með bréfi til saksóknara ríkisins, dagsettu 26. maí 1976, gerir Seðlabanki Íslands grein fyrir kaupum ákærða Knúts Bruun fyrir hönd Sandskips h/f á m/s Jörpeland hinn 24. júlí 1974. Jafnframt kveðst bankinn leggja fram gögn, er beri með sér, að kaupverð umrædds skips hafi í reynd verið norskar kr. 2.400.000 og að mismunurinn á þeirri fjárhæð og norskum kr. 2.800.000, sem kaupsamningur hafi hljóðað upp á, hafi verið greiddur til tveggja manna, þannig að ákærði Knútur Bruun hafi fengið norskar kr. 100.000 og ákærði Þorfinnur Egilsson héraðsdómslögmaður norskar kr. 300.000.

Með bréfi bankans fylgdi afrit af bréfi, dagsettu 14. apríl 1976, frá Knud Søyland deildarstjóra, til gjaldeyrisdeildar Noregsbanka í Osló, en með því bréfi fylgir yfirlit Henry Dyrstad, endurskoðanda í Stafangri, sem staðfestir samkvæmt gögnum, er liggja fyrir hjá skattstofunni í Strand og umræddur Dyrstad hefur sannreynt, að seljandi umrædds skips hafi í skattframtali sínu gefið upp, að söluverð þess hafi verið norskar kr. 2.400.000, en að mismunurinn, norskar kr. 400.000, hafi skipst á áðurgreindan hátt til ákærðu í máli þessu og hafi það uppgjör verið ákveðið á fundi í Rogalandsbanka, sem aðiljar kaupanna sátu. Enn fremur fylgdu bréfi bankans ljósrít af kvittunum Knúts Bruun til nefnds banka fyrir norskum kr. 100.000 og Þorfinns Egilssonar fyrir norskum kr. 300.000, báðar dagsettar 9. október 1974. Liggja ljós-

rit þessi fyrir í málinu. Er tekið fram í kvittununum, að greiðslan sé vegna sölu á umræddu skipi. Samkvæmt gögnum þeim, sem fylgdu bréfi bankans, kom fram, að fé þetta hafi verið tekið af sameiginlegum reikningi kaupanda og seljanda skipsins, sem stofnaður var í Rogalandsbanka, en innstæða á þeim reikningi hafi verið 2.800.000 norskar kr. hinn 10. október 1974. Innstæðan hafi verið til komin af andvirði láns frá „Exportfinans“, sem tekið var beinlínis vegna kaupa á skipinu. Nam það norskum kr. 2.240.000. Hins vegar hafi farið inn á reikninginn bein yfirfærsla norskar kr. 560.000 frá Landsbanka Íslands. Innstæðum á þessum reikningi hafi verið ráðstafað öllum umræddan dag.

Í tilefni af þessu bréfi Seðlabanka Íslands hófst rannsókn að kröfu saksóknara ríkisins í sakadómi Reykjavíkur hinn 8. júlí 1976. Verður hér á eftir gerð grein fyrir því, sem fram kom við rannsóknina og við meðferð máls þessa og varðar ákæruefni í málinu.

Ákærðu hafa báðir viðurkennt móttöku á fé því, sem að framan greinir, þ. e. ákærði Þorfinnur á norskum kr. 300.000 og ákærði Knútur á norskum kr. 100.000, sbr. þó nánar það, sem síðar greinir um endurgreiðslu hans til Lars Hovland & Co. Ákærði Knútur hefur og viðurkennt að hafa undirritað framangreind skjöl, þar sem sótt var um heimild til lántöku erlendis og um yfirfærslu á útborgun vegna skipakaupanna með þeim upplýsingum, að kaupverð skipsins væri norskar kr. 2.800.000.

Ákærði Þorfinnur Egilsson kom fyrst til yfirheyrslu í sakadómi Reykjavíkur vegna máls þessa 8. júlí 1976. Skýrði hann þar svo frá, að hlutverk hans við kaup á m/s Jörpeland hafi verið fólgið í að leita eftir sölu á skipinu og annast samninga-gerð. Simon Møkster hafi verið með skipið í sölu og ákærði hafi leitað eftir samningum við hann. Skipið hafði verið á söluskrá í febrúar—mars 1974, en var dregið til baka, þar sem það þótti ekki í nægilega góðu ástandi til sölu að áliti seljanda. Í byrjun júní s. á. kvaðst ákærði hafa fengið skeyti þess efnis, að skipið væri til sölu á ný. Í júlímánuði hafi hann farið utan ásamt ákærða Knúti Bruun. Í fylgd með Knúti hafi verið tveir tæknifróðir menn auk manns frá Siglingamálastofnun ríkisins. Þegar ferðin hafi verið hafin, lá fyrir, að seljendur vildu fá um 2.900.000 norskar kr. fyrir skipið, en ákærði kvaðst hafa fengið verðið lækkað um 100.000 norskar kr. Aðspurður kvaðst ákærði hafa verið viðstaddur undirritun kaupsamningsins, en hún hafi farið fram í skrifstofu Møkster í Stafangri.

Ákærði sagði, að þegar kaupverð hafði verið ákveðið 2.800.000 norskar kr. og það verið sett í kaupsamninginn, hafi þegar verið ákveðið, að af þeirri upphæð fengi hann 300.000 norskar kr. Hafi hann gert ráð fyrir, að umboðslaun hans og Møkster væru innifalin í kaupverðinu og að þessar 300.000 norskar kr. mundu skiptast á milli þeirra. Þegar hann hafi komið til Noregs og afhenda átti skipið, hafi Møkster tjáð sér, að hann væri nú þegar búinn að fá sinn hlut umboðslaunanna og því hafi hann fengið þessar 300.000 norsku kr. óskiptar í sinn hlut. Hann hafi síðar flutt inn nákvæmlega 56.000 norskar kr., eða 2% af söluverði, en það séu hin venjulegu umboðslaun. Einnig hafi hann látið skipafélagið, þ. e. Sandskip h/f, fá á milli 51 og 52.000 norskar kr., að hann minnti. Þessir peningar hafi ekki verið greiddir til baka, enda ekki verið um það rætt, þar sem ákærði hafi lent í hálfgerðum vandræðum með allt þetta fé. Hann kvaðst geyma 175.000 norskar kr. erlendis og væri þetta fé enn til taks. Ákærði kvað viðstadda hafa verið í Rogalandsbanka umræddan Møkster, fulltrúa bankans og seljendur. Knútur Bruun hafi ekki verið viðstaddur, og ákærði kvaðst ekki hafa vitað fyrir en nú í þessu þinghaldi, að hann hefði fengið 100.000 norskar kr. þennan sama dag.

Í þinghaldi 9. júlí 1976 kannaðist ákærði Knútur ekki við að hafa tekið við neinum peningum frá ákærða Þorfinni. Var honum bent á framburð Þorfinns daginn áður um, að hann hefði afhent skipafélaginu milli 51 og 52.000 norskar kr. Knútur kvað þetta ekki rétt. Hins vegar kvaðst hann nú nýlega hafa sagt Þorfinni frá því, að hann hefði sótt um yfirfærslu fyrir reikninga vegna heimsiglingar skipsins og ýmissa viðgerða. Þá kvaðst ákærði ekkert geta fullyrt um það, hvort Þorfinnur hefði vitað um 100.000 norskra kr. greiðslu til sín, en hins vegar taldi hann líklegt, að hann hefði vitað um hana.

Þorfinnur kom fyrir dóm á ný 16. júlí 1976. Var hann þá spurður um það, hverjum hann hefði afhent umrædda 52.000 kr. greiðslu, og kvað hann þá Knút hafa tekið við þessu fé. Ástæðan hefði verið sú, að Knútur hafi beðið hann að hjálpa sér um 52.000 kr. til þess að greiða með kostnað heimsiglingar. Kvaðst ákærði hafa afhent Knúti þetta fé umyrðalaust og án þess að taka kvittun. Þetta fé hafi verið afhent á hóteli því, þar sem þeir bjuggu. Greiðslan hafi farið fram í peningum, en ákærði kvaðst telja, að þeir ákærðu hefðu verið einir, þegar þetta bar við. Þegar ákærða var kynntur framburður Knúts varðandi það, að hann

hefði ekki tekið við þessu fé, kvað hann það ekki vera rétt hjá Knúti, því sannleikurinn væri sá, að hann hefði fengið þetta fé.

Varðandi símtal það, sem Knútur kvaðst hafa átt við Þorfinn, sagði ákærði, að það væri rétt, að Knútur hefði hringt til sín og sagt honum, að búið væri að stöðva yfirfærslu á reikningnum yfir heimsiglingarkostnað vegna rannsóknar þessa máls. Knútur hafi ekki minnst á neina ákveðna upphæð og ekki einu sinni munað upphæðina sjálfur.

Ákærði var spurður um þá fullyrðingu sína fyrir dómi þann 3. júlí, að við undirskrift samnings hefði þegar verið ákveðið, að umboðslaun yrðu 300.000 norskar kr., og staðfesti hann, að þetta væri rétt. Hann kvað Knúti hafa verið ókunnugt um það við undirskrift samnings, hve há umboðslaunin yrðu.

Varðandi greiðslu 100.000 norskra kr. til Knúts sagði ákærði, að sér hefði verið algerlega ókunnugt um þessa greiðslu. Sér hafi þorist til eyrna fyrr í sumar (þ. e. 1976), að talið væri, að 400.000 norskar kr. vantaði upp á uppgengið verð skipsins. Kvaðst hann hafa vitað, að 300.000 norskar kr. hefði hann sjálfur fengið, en talið, að þær 100.000 norskar kr., sem eftir voru, hafi Simon Møkster fengið. Honum hafi verið gersamlega ókunnugt um, að Knútur hefði fengið þessa peninga, enda hafi Knútur beðið hann um peninga í Stafangri til að koma skipinu heim. Þess vegna hafi hann látið hann hafa þessar 52.000 norsku kr.

Hinn 20. júlí 1976 kom ákærði Þorfinnur enn fyrir dóm samkvæmt eigin ósk. Kvaðst hann nú hafa verið að reyna að rifja upp ýmis atriði þessa máls betur og kvað sér hljóta að hafa misminnt varðandi það atriði, að hann hefði afhent Knúti 52.000 norskar kr. Ákærða var bent á, að hann hefði staðfastlega full-yrt í síðasta þinghaldi, að hann hefði afhent þetta fé. Hann kvað þetta nú hafa verið misminni, sem gæti verið til komið vegna þess, að Knútur hafi beðið sig að reyna að fá afslátt á verði skipsins. Ákærði kvaðst hafa fært þetta í tal við Simon Møkster, sem hafi sagt, að best væri, að hann, þ. e. Møkster, og Knútur ræddu það mál sín á milli. Kvaðst ákærði ekki um árangur þeirra viðræðna vita.

Hinn 18. október 1976 mætti ákærði Þorfinnur enn fyrir dómi, þar sem lagðar voru fyrir hann nokkrar spurningar að kröfu ríkissaksóknara. Kom þar fram hjá honum, að aðeins hann og Knútur voru viðstaddir samninga um kaupverð umrædds skips. Hann áréttaði, að hann hefði ekki vitað um greiðslu til Knúts fyrr en

eftir að rannsókn máls þessa hófst. Einnig kvaðst hann ekki hafa skýrt Knúti né öðrum stjórnarmönnum Sandskips frá greiðslu á 300.000 norskum kr. til sín. Enn fremur kom fram, að hann hefði eytt 17.000 norskum kr. í Noregi af umræddu fé í veislur, hótélkostnað og kaup á sjónvarpi, sem hann hefði gefið í skipið.

Ákærði Þorfinnur kom hér fyrir dóm hinn 21. febrúar 1978. Hann skýrði svo frá þá, að hann vildi leiðrétta fyrri framburð sinn um það, að umboðslaun hans hefðu þegar verið ákveðin, þegar kaupverð var ákveðið og kaupsamningur gerður. Þetta hafi ekki verið gert fyrr en eftir gerð kaupsamningsins, en líklega í sömu ferð. Þá tók hann fram, að það hefði verið rangt hjá sér, að hann hafi í upphafi gert ráð fyrir, að umboðslaun hans og Møkster væru innifalin í umræddum 2.800.000 norskum kr. og að umræddar 300.000 norskar kr. mundu skiptast á milli þeirra, eins og bókað var eftir honum í þinghaldi 8. júlí 1976. Hann hafi aldrei vitað og viti ekki, hvað Simon Møkster fékk í umboðslaun.

Ákærði taldi, að hann hefði í umræddu tilviki starfað sem umboðsmaður seljanda og komið á sambandi milli seljanda og kaupanda í gegnum Simon Møkster, sem var með umrætt skip í sölu. Venja sé í slíkum tilvikum, að seljandinn greiði umboðslaun til beggja. Það sé samningsatriði hverju sinni, hve há umboðslaun eru, og sé slíkt mjög mismunandi, frá 1/2% af kaupverði og allt upp í 5% eða jafnvel meira.

Ákærði var spurður um skýringu á háum umboðslaunum í umræddu tilviki. Kvaðst hann ekki geta tilgreint neina sérstaka ástæðu í því efni, en hann hefði gert ákveðnar kröfur og þetta hafi orðið niðurstaðan eftir umræður. Hann taldi þessi umboðslaun vera í hærra lagi, en hann vissi þó um hærri sölulaun.

Ákærði var nú spurður um greiðslu til ákærða Knúts að fjárhæð norskar kr. 100.000. Hann kvaðst ekki vita um aðdraganda hennar, nema hvað hann minnti, að Knútur hefði einhvern tíma verið að ræða um afslátt af kaupverði skipsins, sem hann mundi ekki, hve átti að vera mikill. Ákærði tók fram, að sér væri kunnugt um, að stundum veiti seljandi kaupanda einhvern afslátt til að standa straum af heimsiglingarkostnaði og hafi þetta skeð í einu tilviki af sjö, þar sem hann hafi verið umboðsmaður, en um þetta hafi verið samið beint milli kaupanda og seljanda og yfirvöldum gerð grein fyrir því. Ákærða minnti, að þegar hann hefði rætt við Simon Møkster um hugsanlega lækkun verðs úr 2.800.000 norskum kr., hafi hinn síðarnefndi sagt, að best væri,

að kaupandi ræddi beint við seljanda. Ekki vissi hann, hvort slíkar viðræður fóru fram.

Ákærði kvaðst ekki hafa átt neinn hlut í Sandskipi h/f né verið tengdur því fyrirtæki á nokkurn hátt.

Að lokum áréttaði ákærði í þinghaldi þessu, að ekki hefði verið rætt um umboðslaun, fyrr en eftir að kaupsamningur var gerður og kaupverð ákveðið. Honum sé þó ekki fyllilega ljóst, hvort umboðslaunin hafi verið ákveðin í sömu ferð og kaupsamningur var gerður eða þegar skipið var sótt.

Enn kom ákærði fyrir dóm 9. janúar sl., og tók hann þá fram, að hann teldi, að umræður um umboðslaun hefðu farið fram um það leyti sem kaupsamningur var gerður, hvort sem það hafi verið fyrir eða eftir undirritun hans. Kvaðst hann strax hafa gert kröfu um 300.000 norskar kr. sér til handa og hafi verið gengið að henni. Hann hafi hins vegar engan hlut átt að viðræðum um greiðslu til ákærða Knúts.

Við yfirheyrslu í sakadómi Reykjavíkur 9. júlí 1976 skýrði ákærði Knútur svo frá um aðdraganda skipakaupanna, að ákærði Þorfinnur Egilsson hefði haft samband við þá aðilja, sem síðar stofnuðu h/f Sandskip, og látið þá vita, að m/s Jörpeland væri til sölu, en þessir aðiljar höfðu áður haft áhuga á kaupum á sanddæluskipi. Ákærði kvaðst ekki muna nákvæmlega, hvaða verð seljendur vildu fá fyrir skipið, en taldi þó, að það hefði verið eitthvað hærra en 2.800.000 norskar kr. Skömmu eftir að hann hafi komið til Noregs og farið að ræða kaupin, hafi seljendur fallist á að lækka verð skipsins í 2.800.000 norskar kr. Kvaðst hann hafa reiknað með, að í þessari upphæð væru innifalin venjuleg umboðslaun, þ. e. 2% til beggja umboðsmanna, sem greidd yrðu af seljanda skipsins. Hann kvað alla samninga um væntanleg umboðslaun hafa verið gerða af þeim Þorfinni og Møkster og hafi hann þar hvergi nærri komið.

Ákærði kvaðst hafa litið á umrædda greiðslu á norskum kr. 100.000 til sín sem umboðslaun eða ef til vill nokkurs konar lokaafslátt. Hann minnti, að Þorfinnur hefði ekki verið viðstaddur, er hann tók við þessum peningum. Kvaðst hann ekki vita, hver hefði greitt Møkster umboðslaun.

Í þinghaldi hinn 23. júlí 1976 sagði ákærði, að hann hefði hreinlega ekki gert sér grein fyrir því í upphafi, hve mikill heimsiglingarkostnaður yrði. Reyndar hafi hann talið, að þessi kostnaður gæti numið nokkrum tugum þúsunda norskra króna, sem hann ætlaði að reyna að fá skrifað hjá skipamiðlurum og standa síðan

skil á því, þegar heim kæmi. Hann kvað hafa verið gefið í skyn strax í byrjun samningaumræðna, að verið gæti, að Sandskip h/f gæti fengið einhvern afslátt, og þennan afslátt hugðust þeir nota til greiðslu á þessum kostnaði. Ákærði kvað Kristín Sigurjónsson, sem staddur var í Stafangri við afhendingu skipsins, ekki hafa vitað, að hann hefði tekið á móti 100.000 norskum kr., en hann taldi líklegt, að Kristinn Finnbogason hefði vitað þetta, þar sem hann hefði tekið að sér að greiða reikninga vegna heimsiglingarinnar.

Ákærði sagði, að mismunurinn á 100.000 norskum kr. og þeim reikningum, sem hann hefði lagt fram nú, hafi að mestu leyti farið til greiðslu á ýmsum kostnaði og hafi hann þegar fundið reikning fyrir um 5.000 norskum kr. vegna hótélkostnaðar. Hann kvað viðbótarkostnað verða alls u. þ. b. 10.000 norskar kr. Þeim 35.000 norskum kr., sem eftir séu, kvaðst ákærði hafa eytt í ýmsan kostnað og ferðalög vegna skipsins.

Ákærða var í þinghaldi þessu skýrt frá því, að ákærði Þorfinnur hefði mætt ótilkvaddur fyrir dómi þremur dögum áður, þ. e. 20. júlí, og breytt framburði sínum fyrir dómi varðandi það atriði, að hann hefði afhent Knúti 52.000 norskar kr., þrátt fyrir að hann hefði áður staðfastlega fullyrt að hafa afhent Knúti þetta fé. Ákærði sagði, að það væri ekkert launungarmál, að hann hefði rætt við Þorfinn sl. sunnudag og spurt hann einfaldlega, hvort hann ætlaði að halda við þennan framburð og hvort hann gerði sér grein fyrir því, hvað þess konar framburður hefði í för með sér. Þorfinnur hafi sagst ætla að skoða sín mál, verið gæti, að sér hefði misminnt varðandi þetta atriði. Ákærði kvað Þorfinn hafa hringt í sig, skömmu eftir að hann hefði mætt hér fyrir dómi umræddan dag, og tjáð sér, að hann væri búinn að taka þennan framburð sinn til baka. Ákærði neitaði því, að þeir ákærðu hefðu samræmt framburði sína varðandi þetta atriði. Hann kvaðst einungis hafa bent Þorfinni á, að þessi framburður væri rangur, og bent honum á, að rétt væri, að hann kæmi fyrir dóminn og tæki þessa fullyrðingu sína til baka.

Þegar ákærði kom fyrir dóm hinn 3. ágúst 1976, skýrði hann svo frá, að þegar skipið var skoðað í upphafi, hafi komið í ljós ýmsir vankantar, sem seljandi hafi átt að lagfæra. Þegar að afhendingu kom í október, hafi komið í ljós, að einungis hluti þessara atriða hefði verið lagfærður og sumt af því ekki nógu vel gert. Hafi þetta ásamt öðru orðið til þess, að umræddur afsláttur, þ. e. 100.000 norskar kr., fékkst af verði skipsins.

Enn kom ákærði fyrir dóm 15. (sic) október 1976, og voru þá lagðar fyrir hann nokkrar spurningar að kröfu ríkissaksóknara. Kom fram hjá honum, að af Íslendingum hefðu einungis hann og Þorfinnur verið viðstaddir, þegar samið var um kaupverð skipsins. Hann neitaði því, að við þetta tækifæri hefði verið ákveðin greiðsla til hans af kaupverði skipsins. Hann minntist þess ekki að hafa skýrt Þorfinni sérstaklega frá því, að hann, þ. e. ákærði, hefði fengið 100.000 norskar kr., en hann var hins vegar þeirrar skoðunar, að ákærða Þorfinni væri kunnugt um þessa greiðslu. Taldi hann víst, að hann, þ. e. Þorfinnur, sem umboðsaðili seljanda vissi um þetta. Hann lagði áherslu á, að sér vitanlega hefði ekki verið rætt um neinar greiðslur, hvorki umboðslaun né afsláttargreiðslur í þessum samningaumræðum, sem fram fóru í júlí 1974. Hann kvaðst aldrei hafa rætt sérstaklega við stjórnarmenn eða Kristin Finnbogason um þessa greiðslu, sem hann hefði fengið. Þegar hann var spurður um það, hvað hann hefði gert við umræddar 100.000 norskar kr., svaraði hann því á þessa leið: „Þetta voru nú reyndar 100.000 ÷ 17.779 n. kr., sem seljandi fékk til baka eða um 82.000 n. kr. Um það bil 33.000 n. kr. voru notaðar til greiðslu á þeim reikningum, sem liggja frammi í dóminum. Í bókhaldi fyrirtækisins eru reikningar fyrir ýmsum kostnaði vegna kaupanna, s. s. hótélkostnaði, sem ég hygg, að séu ca 5.000 n. kr. Um þær ca 40.000 n. kr., sem eftir eru, get ég ekki annað sagt, en að ég hafi eytt þeim, þ. á m. í ýmsan kostnað vegna skipsins. Ég ferðaðist mikið á þessum tíma, bæði vegna skipsins og annarra viðskipta. Ég treysti mér hreinlega ekki til að greina þarna á milli og get ekki sýnt reikninga vegna þessarar eyðslu.“

Þegar ákærði kom hér fyrir dóm hinn 23. ágúst 1977 (sic), skýrði hann svo frá, að Þorfinnur hefði við kaup skipsins komið fram sem umboðsmaður seljanda og komið á sambandi milli seljanda og kaupanda og gengið frá samningnum ásamt norska umboðsmanninum Møkster. Ákærði Þorfinnur hafi ekki verið tengdur Sandskipi h/f á nokkurn hátt.

Ákærði var nú spurður um nánari aðdraganda að því, að hann fékk greiddar umræddar 100.000 norskar kr. af kaupverði skipsins frá seljanda. Hann sagði, að þegar skipið hefði verið skoðað í upphafi, hafi komið fram ýmislegt, sem talið var, að þyrfti að lagfæra, bæði af hálfu kaupanda og fulltrúa siglingamálastjóra. Þegar kom að afhendingu skipsins, þá var ýmislegt af þessu ógert. Af þessum sökum og einnig vegna óvænts heimsiglingarkostnaðar

var nú rætt um einhvern afslátt af áðurnefndu kaupverði, og varð það niðurstaðan, að seljandi veitti afslátt upp á norskar kr. 100.000. Kvaðst ákærði hafa rætt þetta atriði í Rogalandsbanka við Lars Hovland, er lokauppgjör fór fram, og hafi þeir þá rætt þetta í fyrsta sinn. Hafi Hovland fallist á að veita umræddan afslátt upp á norskar kr. 100.000. Ákærði tók fram, að sér fyndist líklegt, að þetta atriði hafi verið búið að koma til umræðu milli umboðsmannanna, Þorfinns og Møkster, og Hovland, en sér hafi verið haldið utan við allar umræður þeirra um afslátt og sölu-laun.

Ákærði áréttaði, að umræddu fé hefði verið ráðstafað í þágu skipsins, og vísaði til fyrri framburða sinna í því efni. Hann tók fram, að ekki hefði fundist reikningur vegna greiðslu á slipp-töku skipsins í Stafangri, en kaupandi greiddi hluta af þeim kostnaði, líklega í kringum norskar kr. 10.000, sem greiddar hafi verið af umræddu fé. Þetta hafi verið vegna málningar á botni skipsins. Auk þess hafi farið fram ýmsar greiðslur vegna skipsins af þessu fé, sem ekki liggja fyrir gögn um.

Þegar ákærði kom fyrir dóm 9. janúar sl. ítrekaði hann, að ekki hefði verið rætt um greiðslu á 100.000 norskum kr. til hans fyrr en í síðari ferðinni, þegar endanlega var gengið frá kaupunum og skipið afhent. Tók hann fram í þessu sambandi, að hann hefði aldrei verið viðstaddur neinar viðræður um umboðslaun til Þorfinns og hafi hann ekki verið vitni að greiðslu til hans. Enn fremur hafi Þorfinnur ekki verið viðstaddur, þegar greiðslan til ákærða á fyrrnefndum 100.000 norskum kr. átti sér stað. Tók hann einnig fram, að hann hefði ekki vitað um greiðslu til Þorfinns, fyrr en eftir að Seðlabankinn lagði fram kæru í málinu.

Kristinn Ragnar Sigurjónsson byggingameistari, Álfheimum 5, Reykjavík, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi ekki farið utan til samningsgerða vegna kaupa á m/s Grjótjöttni. Hins vegar hafi hann verið viðstaddur afhendingu skipsins. Hann hafi gerst aðili að þessum kaupum í september 1974, að hann minnti. Hins vegar hafi honum verið kunnugt um, að farið hefði verið til Noregs til að skoða skipið. Kvaðst hann ekki muna eftir því, hvaða upphæð var nefnd sem endanlegt kaupverð skipsins, þegar hann gerðist aðili.

Kristinn kvaðst ekki hafa haft nokkra hugmynd um greiðslu umboðslauna og ekki tekið þátt í samningum um slík mál. Hann hafi yfirleitt ekki verið viðstaddur neina samningsfundi. Það sé fyrst nú í þinghaldinu, þ. e. 14. júlí 1976, sem hann fái að vita, að

Knútur hafi tekið við 100.000 norskum kr. Hann kvaðst sjálfur einungis hafa annast hina verklegu hlið í sambandi við móttöku skipsins og hann hafi ekkert skipt sér af fjármálahlíðinni, en hana hafi Knútur annast og ef til vill einnig Kristinn Finnbogason. Kristinn sagði, að Knútur hefði ekki afhent sér neina peninga, er Knútur fór heim á leið frá Noregi. Kvaðst Kristinn ekki hafa séð um að greiða kostnað við heimsiglingu skipsins. Hann kvaðst heldur ekki hafa tekið við fé frá Þorfinni til greiðslu á umræddum kostnaði. Hann hafi einungis haft til umráða sinn venjulega ferðagjaldeyri.

Kristinn Finnbogason framkvæmdastjóri, Norðurbrún 30, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir dómi 15. júlí 1976, að það hefði verið fyrir tilviljun, að hann hefði verið við afhendingu á m/s Grjótjötni í Stafangri. Hann hafi verið á ferðalagi og komið við í Stafangri, þar sem hann hafði áhuga á að skoða skipið, því fóstursonur hans, Jóhann Kristjánsson, hafi verið hluthafi í Sandskipi h/f. Hann sagði, að hann hefði ekki haft afskipti vegna skipsins umfram það, að Simon Møkster hafi haldið því fram, að ekki væri búið að yfirfæra greiðslu frá Landsbanka Íslands. Kvaðst Kristinn hafa tjáð honum, að svo hlyti að hafa verið gert, og benti honum á að hafa símasamband við bankann. Þá kvaðst hann hafa krafist þess, að hreint veðbókarvottorð lægi fyrir varðandi skipið og að Rogalandsbankinn innti engar greiðslur af hendi til seljanda, fyrr en veðbókarvottorð lægi fyrir. Hann kvað samtalið við Simon Møkster hafa farið fram á skrifstofu hins síðarnefnda.

Kristinn kvaðst ekki hafa vitað um umræddar greiðslur til ákærðu, samtals að fjárhæð 400.000 norskar kr. Hann kvað þá Knút og Þorfinn hafa þurft að fara frá Stafangri degi fyrr en hann sjálfur og hafi Knútur þá afhent honum umslag með peningum til greiðslu reikninga vegna heimsiglingarkostnaðar. Hann kvaðst ekki hafa haft hugmynd um, hvernig fé það, sem varið var til greiðslu á reikningum, hefði verið til komið. Hann hafi einungis tekið við þessu fé til að greiða reikninga þessa, þar sem þeir voru ekki tilbúnir, er Knútur fór frá Stafangri. Hann kvaðst ekki hafa tekið við fé frá Þorfinni þarna í Stafangri.

Jóhann Sigurður Kristjánsson vélvirkjanemi, Neshaga 5 hér í borg, skýrði svo frá fyrir dómi 8. nóvember 1976, að Kristinn Finnbogason hefði annast allt fyrir sína hönd varðandi aðild hans að Sandskipi h/f. Kvaðst hann hafa lítið komið nálægt félaginu. Hann kvaðst ekki muna, hvað sagt hefði verið um kaupverð

skipsins, og hann kvaðst enga hugmynd hafa haft um fjárgreiðslur til ákærðu, fyrr en sér hefði verið sagt frá slíku, eftir að rannsókn hófst.

Páll Guðfinnur Jónsson forstjóri, Vesturbrún 26 hér í borg, skýrði svo frá fyrir dómi 8. nóvember 1976, að hann hefði gerst hluthafi í Sandskipi h/f við stofnun þess, en það hafi verið eftir að Knútur hafi farið til Noregs til að skoða skipið. Hann mundi ekki eftir að hafa séð kaupsamninga, áður en hann gerðist hluthafi, en hann hafi vitað, að kaupverð hafi verið 2.800.000 norskar kr. um það leyti sem hann gekk til þátttöku í félaginu. Hann kvaðst engan þátt hafa átt í samningaviðræðum og samningagerðum vegna kaupanna eða afhendingar skipsins. Hann kvaðst ekki hafa vitað um fjárgreiðslur til ákærðu í sambandi við kaup skipsins. Hann hafi í raun komið inn í félagið sem „síðasta hjól“ og þá hafi þegar verið búið að ganga frá flestu vegna kaupanna. Hann kvaðst hafa vitað, að Kristinn Sigurjónsson, Kristinn Finnbogason og Knútur hefðu verið að velta fyrir sér kaupum á sanddæluskipi, en hann hafi ekki komið inn í þetta fyrr en við stofnun hlutafélagsins í lok september 1974.

Rétt er að geta þess hér, að fram hefur verið lagt í málinu ljósrít af skjali með fyrirsögninni „Avtale“, dagsettu 25. júlí 1974 í Stafangri, undirritað af Lars Hovland. Skjal þetta fannst við húsleit á skrifstofu ákærða Þorfinns, sem fram fór hinn 17. ágúst 1977 að tilhlutan rannsóknadeildar ríkisskattstjóra, og var skjal þetta sent dóminum ásamt fleiri gögnum varðandi mál þetta með bréfi, dagsettu 30. janúar 1978. Efni skjalsins er á þessa leið:

„I tilslutning til kjöpekontrakt for sandsugeren „JÖRPELAND“, datert 24. juli 1974, er kjøpernes megler advokat Å. Egilsson og selgerne Lars Hovland & Co., blitt enig om at advokat K. Bruun får utbetalt n. kr. 100.000.- til dekning af kommisjon etc.“

Í þinghaldi 21. febrúar 1978 var Þorfinni bent á skjal þetta og að efni þess stangaðist á við framburði hans um þetta efni. Ákærði kvaðst ekki muna eftir því samkomulagi, sem vísað er til í skjali þessu. Hann kvað það ekki hafa verið í sínum verkahring að semja um slíkt. Kvaðst ákærði ekki muna eftir að hafa séð skjal þetta áður, en eins og fyrr segir, fannst það í skrifstofu hans hinn 17. ágúst 1977.

Ákærða Knúti var í þinghaldi sama dag bent á umrætt skjal, sem gæfi tilefni til að álykta, að greiðsla til hans hefði komið til umræðu strax við gerð kaupsamnings. Ákærði áréttaði, að sér hefði verið ókunnugt um það samkomulag, sem þarna er um rætt,

og aldrei hafi verið rætt um þetta við sig fyrr en undir lokin, sem fyrr segir.

Af hálfu ákærða Þorfinns hafa verið lagðar fram tvær yfirlýsingar, annars vegar frá Simoni Møkster og hins vegar frá Lars Hovland. Yfirlýsingin frá Simoni Møkster er dagsett 8. febrúar 1977, og segir þar, að umboðslaun til ákærða, norskar kr. 300.000, hafi verið greidd út, eftir að endanlegt uppgjör hafi átt sér stað í Rogalandsbanka.

Yfirlýsing Lars Hovland er dagsett 22. ágúst 1977 og er á þá leið, að umboðslaun til Þorfinns hafi verið ákveðin, eftir að kaupsamningur um sölu m/s Jørpeland hafi verið undirskrifaður í Stafangri hinn 24. júlí 1974.

Af hálfu dómsins þótti nauðsynlegt að aflað yrði dómskýrslna af þeim norsku aðiljum, sem áttu hlut að samningum í sambandi við kaup á umræddu skipi. Var málið sent ríkissaksóknara í þessu skyni, og hlutaðist hann til um, að slík rannsókn færi fram í Noregi. Verður nú gerð grein fyrir helstu atriðum, sem fram komu við þá rannsókn og máli skipta hér.

Yfirheyrslur fóru fram í Ryfylke forhörsrett í þinghúsinu í Stafangri 14. júlí, 14. september og 28. nóvember 1978. Yfirheyrðir voru Lars Hovland, Simon Møkster, Gunnar Vegard Skjørestad, meðeigandi í firmanu Lars Hovland & Co., og Øyvind Beyer, yfirbókari hjá Simoni Møkster.

Lars Hovland skýrði svo frá, að við gerð kaupsamnings hefði kaupverð verið ákveðið 2.800.000 norskar kr. Þetta kallaði hann „brúttókaupverð“. Hann kvaðst hafa átt að fá 2.400.000 kr. sem nettókaupverð. Hann var ekki viss um, hvort honum var ljóst, þegar kaupsamningur var gerður, að nettókaupverð ætti að vera 2.400.000 kr. Hann gekk hins vegar út frá því, að umboðslaun skipamiðlaranna kæmu til frádráttar frá brúttókaupverði, þ. e. a. s. að seljandi ætti að borga öll umboðslaun. Hversu há umboðslaunin mundu verða, var hann ekki viss um, að sér hefði verið ljóst á þessu augnabliki. Honum var ekki kunnugt, hver væri venja um slík efni við sölu skipa.

Hovland kvað endanlegt uppgjör hafa átt sér stað í Rogalandsbanka. Hann kvaðst vita minna um, hvernig þetta var framkvæmt, því að um það hafi aðallega séð yfirbókari Simonar Møkster, Øyvind Beyer, og félagi sinn, Vegard Skjørestad.

Varðandi greiðslu á norskum kr. 400.000 til ákærðu taldi Hovland, að þessi upphæð væri umboðslaun til miðlaranna.

Hann kannaðist við undirskriftir á framangreindu skjali, „Avtale“, og yfirlýsingu þeirri, dagsettri 22. ágúst 1977, sem áður er getið. Hann mundi þó ekki eftir því, hvernig skjöl þessi voru til komin.

Vitnið Simon Møkster skýrði svo frá, að skipið hefði verið sett í sölu í byrjun árs 1974 hjá honum sem skipamiðlara. Að gefnu tilefni hafi hann haft samband við Þorfinn í apríl—maí gegnum síma. Eftir það hafi þeir verið í sambandi hvor við annan nokkrum sinnum. Ákærðu ásamt nokkrum öðrum, alls 5—6 manns, hafi komið til að skoða skipið hinn 23. júlí 1974. Kaupendurnir hafi skoðað skipið við bryggju í Stafangri og talið það fullnægja skilyrðum tæknilega með nokkrum fyrirvörum. Samið hafi verið um kaupverð, 2.800.000 norskar kr. Eftir að lagfært hafði verið það, sem fyrirvarar höfðu verið settir um, u. þ. b. um miðjan september 1974, hafi kaupendur borgað inn á 10% af samningsupphæð, 280.000 norskar kr., til Rogalandsbanka. Hafi upphæðin verið lögð inn á sameiginlegan reikning Lars Hovland og Sandskips h/f. Hinn 31. júlí hafi verið sótt til viðskiptaráðuneytisins um útflutningsleyfi og til Exportfinans um lán í sambandi við söluna í samræmi við kaupsamning. Annaðist hann umræddar umsóknir. Kaupendur sáu sjálfir um að afla nauðsynlegra banka-trygginga. Skipið var sett í þurrkví í Stafangri í byrjun október 1974. Ákærðu ásamt nokkrum öðrum, samtals 6—7 mönnum, voru mættir, skoðuðu skipið og tóku við því. Hann kvaðst hafa litið á Þorfinn Egilsson sem skipamiðlara á Íslandi og hafi hann komið fram sem slíkur í sambandi við þessi kaup. Vitnið sagði, að skipið hefði verið sett í sölu á verði, sem nam u. þ. b. 3.000.000 norskum kr. Við undirskrift samnings hafi verið samið um 2.800.000 norskar kr. sem kaupverð. Íslendingarnir hafi ekki viljað greiða meira en þessa upphæð fyrir skipið. Við samningaviðræður, áður en samningur var undirritaður hinn 24. júlí 1974, taldi hann sig muna, að það hefði verið gert ljóst, að skipamiðlarinn frá Íslandi krefðist 400.000 norskra kr. í umboðslaun. Hovland hafi þannig átt að vita frá upphafi, að nettógreiðsla til hans mundi nema 2.400.000 norskum kr. Þetta hafi verið lágmark þess, sem Hovland þurfti að fá til þess að geta leyst fjárhagslegar skuldbindingar sínar.

Mismunurinn, sem nam 400.000 norskum kr., átti að vera umboðslaun til Íslendinganna, en af því hafi ákærði Þorfinnur krafist norskra kr. 300.000 og ákærði Knútur norskra kr. 100.000. Samkvæmt því, sem vani var í slíkum viðskiptum, átti seljand-

inn, Lars Hovland, að greiða þessa upphæð. Umboðslaunin átti að greiða út við afhendingu skipsins. Møkster kvað umboðslaunin gróflega og óvenjulega há. Viðskiptaráðuneytið sneri sér einnig til hans vegna þessara háu umboðslauna. Sem skipamiðlari fyrir seljanda reiknaði hann sér umboðslaun upp á 1%, þ. e. a. s. 28.000 norskar kr. Þetta kvað hann vera í samræmi við það, sem hann reikni sér venjulega við sölu skipa innanlands. Þessi umboðslaun voru dregin frá kaupverðinu, norskum kr. 2.800.000.

Upphæðir þessar voru greiddar út við afhendinguna hinn 9. október 1974. Af hálfu hans vann að þessu yfirbókari hans, Øyvind Beyer, og þetta fór fram í Rogalandsbanka.

Við síðari yfirheyrslu skýrði Møkster frá því, að hann hefði það á tilfinningunni, að umboðslaun á Íslandi væru tiltölulega há. Hann hafði ekki áður selt skip til Íslands, en honum fannst, að umboðslaun í þessu tilviki hefðu verið óvenjulega há, jafnvel miðað við það, sem gerðist í þessum viðskiptum gagnvart Íslandi. Þá upplýsti hann, að það væri ekki venjulegt að gefa upp umboðslaun í krónum eins og í þessu tilviki. Venjulega væru þau ákveðin sem hundraðshluti af kaupverði. Hann áréttaði, að samkvæmt hans skoðun ættu öllum aðiljum að hafa verið ljóst, hver nettógreiðsla yrði, áður en uppgjör fór fram. Hann kvað uppgjörið hafa farið fram í Rogalandsbanka sama dag og skipið var afhent. 2.800.000 norskar kr. hefðu verið borgaðar inn til bankans, sem hafi síðan borgað norskar kr. 400.000 til „miðlaranna“ á Íslandi.

Þá óskaði hann að leiðrétta fyrri framburð sinn varðandi umboðslaun hans. Hann kvaðst hafa tekið við umboðslaunum, sem námu norskum kr. 24.000, en ekki 28.000, eins og hann hefði áður skýrt frá. Kvað hann þetta hafa verið fyrir mistök, þar sem honum hafi verið reiknuð 1% af 2.400.000, en það rétta hefði átt að vera 1% af fullu kaupverði, norskum kr. 2.800.000.

Yfirlýsing Møkster frá 8. febrúar 1977, sem áður er rakin, var borin undir hann, og staðfesti hann hana sem rétta, en vísaði jafnframt til nákvæmari skýringa í framburði sínum fyrir dómnum hinn 14. júlí 1978. Hann kvað yfirlýsinguna skrifaða eftir beiðni frá Þorfinni.

Gunnar Vegard Skjørestad skýrði svo frá fyrir dómi hinn 28. nóvember 1978, að hann væri meðeigandi í fyrirtækinu Lars Hovland & Co. og sæi um bókhald þess að hluta. Hann kvað viðkomandi skip hafa verið boðið til sölu í gegnum Simon Møkster sem skipamiðlara og hefði verið sett upp verðið 2.500.000 norskar kr.

Í júní 1974 hafi skipamiðlarinn snúið sér til þeirra, þ. e. Lars Hovland & Co., og skýrt þeim frá, að hann væri í sambandi við aðilja á Íslandi, sem hefðu áhuga á að kaupa skipið á uppsettu verði. Seljendur sýndu Íslendingunum skipið í lok júlí 1974. Á 3—4 dögum hafi skipið verið skoðað og sýnt í starfi og verið rætt um hugsanleg kaup. Á 3. eða 4. degi hafi aðilar komið saman í skrifstofu Møkster til þess að ræða nánar tæknileg smáatriði og skilmála í sambandi við söluna. Þarna hafi verið Møkster, ákærðu, Hovland og vitnið. Seljendur höfðu áður gefið Møkster til kynna, að þeir mundu vera ánægðir með kaupverð, sem næmi 2.400.000 — 2.500.000 norskur kr. Møkster sá um samningaviðræðurnar. Ákveðið var, að brúttókaupverð skyldi verða 2.800.000 norskar kr., og þetta var fært í kaupsamninginn. Seljendum var gert ljóst, að þeir mundu ekki fá greitt út meira en 2.400.000 norskar kr. Mismunurinn yrði umboðslaun til hinna íslensku skipamiðlara, samtals 400.000 norskar kr. Skjørestad sagði, að hann hefði undrast upphæð umboðslaunnanna, en lét ekkert í ljós um það, þar sem seljendur fengu það, sem þeir óskuðu. Auk þess fannst honum umboðslaunin ekki óeðlilega há miðað við þá tekjumöguleika skipsins, sem Íslendingarnir reiknuðu með.

Íslendingarnir komu aftur í október, að sögn vitnisins, til að skoða skipið í þurrkví, áður en afhending færi fram, og til þess að annast endanlegt uppgjör. Uppgjörið kvað hann hafa farið fram í Rogalandsbanka og hefðu eftirfarandi verið viðstaddir: Lunde frá Rogalandsbanka, 2—3 Íslendingar, þar á meðal Knútur og líklega Þorfinnur, Beyer, Hovland og vitnið. Hann taldi, að við þetta tækifæri hefðu verið borgaðar út 2.400.000 norskar kr., en mundi ekki, hvort og hvernig umboðslaunin voru borguð út. Hann og Hovland hafi látið Beyer sjá um vinnuna í þessu sambandi og viti hann því ekki að fullu, hvernig þetta átti sér stað.

Hann staðfesti, að kaupverðið hefði verið gefið upp sem 2.800.000 norskar kr. til skipaskráningar. Á söluuppgjöri, sem Beyer hafði hjálpað við að setja upp, hefði kaupverðið verið gefið upp 2.400.000 norskar kr. og þetta söluuppgjör hafi verið sent til skattstofunnar á Strand.

Vitnið Øyvind Beyer skýrði svo frá fyrir dómi hinn 28. nóvember 1978, að hans afskipti af máli þessu hefðu verið fyrst og fremst varðandi greiðslur. Hann hafi í fyrsta sinn hitt kaupendur á stuttum fundi í október 1974 hjá Simoni Møkster. Þar hafi verið ákærðu, Møkster, Hovland, Skjørestad og hann sjálfur.

Hann kvaðst hafa vitað um upphæð umboðslauna frá fyrri tíð, m. a. af því að þetta hafi verið upplýst í símtali við norska viðskiptaráðuneytið í sambandi við umsókn um útflutningsleyfi. Á fundi þessum lét Þorfinnur í ljós ósk um að fá umboðslaunin greidd í 100 króna seðlum. Aðiljarnir fóru þessu næst í Rogalandsbanka, þar sem uppgjör fór fram. Þarna var borgað út alls 2.800.000 norskar kr. Af því fékk Hovland & Co. greitt 2.400.000 norskar kr., en 400.000 kr. voru samtímis greiddar til ákærðu, annars vegar 100.000 og hins vegar 300.000 norskar kr. Umboðslaunin voru greidd í 100 norskum kr. seðlum, og móttakendur gáfu kvittun fyrir upphæðinni.

Beyer sagði, að hann væri óvanur svo háum umboðslaunum, en við sölu til Íslands væri oftast um mjög há umboðslaun að ræða. Skipið hafi verið sett í sölu á 2.500.000 norskar kr. Ef það hefði verið keypt af norskum kaupendum, hefðu umboðslaun komið til frádráttar þeirri fjárhæð í samræmi við venju. Hann kvað það hafa verið tilfinningu sína, að hér hefði ekki verið um alveg „opin“ viðskipti að ræða, án þess að hann gæti útskýrt nánar, fyrir hverjum væri verið að leyndu upphæð umboðslauna. Allir, sem þarna voru í bankanum, hafi hins vegar vitað um þetta.

Þá skýrði Beyer svo frá, að sem bókari fyrir Lars Hovland & Co. hefði hann sett upp söluuppgjör fyrir seljendur. Hér hafi söluupphæðin verið gefin upp sem 2.400.000 norskar kr. Hafi hér verið um að ræða saldo á reikningi „fyrir sölu ms. Jørpe-land“. Hið rétta hefði verið að bóka alla upphæðina, 2.800.000 norskar kr. ÷ norskar kr. 400.000 í umboðslaun. Þetta hefði ekki haft neina raunhæfa þýðingu fyrir seljendur að því er varðaði skatta, en vegna tímahraks í sambandi við ársuppgjör hafi þetta ekki verið gert.

Þess skal getið, að tvö síðastgreind vitni höfðu áður verið yfirheyrð hjá lögreglunni í Stafangri varðandi mál þetta, hinn 18. og 19. júlí 1978.

Við yfirheyrslu skýrði Vegard Skjørestad svo frá, að hann og Hovland hefðu verið mjög ánægðir með það verð, sem Íslendingarnir vildu borga fyrir skipið, enda þótt þeim væri ljóst, að þeir yrðu að borga 400.000 norskar í umboðslaun og mundu því ekki fá meira en 2.400.000 norskar kr. fyrir skipið. Skjørestad skildist, að Knútur væri einn af forystumönnum fyrirtækisins, sem ætlaði að kaupa skipið. Undraðist hann dálítið þau umboðslaun, sem Knútur átti að fá, en þegar litið væri til þeirra tekju-

möguleika, sem ákærðu sögðu, að skipið hefði á Íslandi, þá fannst honum þetta ekki vera stór upphæð, þ. e. umræddar norskar kr. 100.000.

Við yfirheyrslu Øyvind Beyer hjá lögreglunni skýrði hann svo frá, að upphæðin 2.400.000 norskar kr., hefði snemma verið nefnd af hálfu Hovland, sem hann yrði að fá til þess að komast skaðlaust frá kaupunum. Hann taldi, að það hefði verið ljóst, áður en samningurinn var undirskrifaður, hver umboðslaunin væru, og gengið hafi verið út frá, að Lars Hovland & Co. fengi í sinn hlut 2.400.000 norskar kr.

Frammi liggur í málinu söluuppgjör það, sem framangreindur Beyer gerði eftir sölu skipsins og sent var til viðkomandi skattayfirvalda. Söluuppgjórið hljóðar svo:

„Salgsoppgjör m/s „Jörpeland“

Bokfört pr. 1/1-74	1.000.000.00	
+ þákkostet	303.545.01	
+ eget arbeid	196.454.99	1.500.000.00
Salgsskottmisjon	24.000.00	
Salgsum		2.400.000.00
Salgsgevinnt:		
Lars Hovland	438.000.00	
Vegard Skjørestad	438.000.00	876.000.00
		2.400.000.00 2.400.000.00“

Í tilefni af ofangreindum framburðum hefur af hálfu ákærða Þorfinns verið lagt fram símskeyti til hans frá Simoni Møkster hinn 2. janúar sl., þar sem hann vísar til samtals þeirra á milli þá nýlega og segist staðfesta, að útgerðin hafi sett upp norskar kr. 3.000.000 fyrir skipið, þegar það var boðið til sölu. Að útgerðin hafi síðar tekið lægra verðtilboði, breytti ekki því, að þetta hafi verið hið upprunalega verð, sem upp var sett.

Fyrir liggur í málinu vottorð frá bæjarfógetanum í Stafangri, skipaskrá, dagsett 9. október 1974, þar sem segir, að m/s Jörpeland sé þennan dag afskráð úr skipaskrá Stafangurs sem selt til Sandskips (Knútur Bruun, Reykjavík, Ísland) fyrir norskar kr. 2.800.000.

Þá liggur fyrir í málinu bréf Simonar Møkster til norska viðskiptaráðuneytisins, dagsett 31. júlí 1974, þar sem sótt er um

útflutningsleyfi fyrir m/s Jörpeland. Eru þar gefnar þær upplýsingar, að söluverð skipsins sé norskar kr. 2.800.000, sem sé mjög viðunandi („meget tilfredsstillende“) verð, og er sú skýring gefin á þessu hagstæða verði, að skipið sé útbúið sem sanddæluskip.

Fyrir liggur í málinu gjaldeyrisumsókn, dagsett 18. júní 1976, frá ákærða Knúti, þar sem sótt er um gjaldeyri að fjárhæð norskar kr. 50.917.20. Segir þar, að hér sé um að ræða launakostnað skipverja að fjárhæð 9.481 norskar kr., greiðslu til Lars Hovland & Co., 17.779 norskar kr., greiðslu til Fred Hansen A/S, 12.301.70 norskar kr., greiðslu til Helge R. Myhre A/S, 10.366.65 norskar kr., og að lokum greiðslu til Rogaland Jernvare að fjárhæð 988.85 norskar kr. Segir í umsókninni, að hér sé um að ræða kostnað, greiddan af umboðslaunum árið 1974 vegna kaupa á m/s Grjótjötni í Stafangri. Umræddir reikningar fylgja gjaldeyrisumsókn þessari.

Í málinu hafa verið lagðar fram af hálfu ákærða Knúts Bruun yfirlýsingar frá tveimur stjórnarmönnum Sandskips h/f, Kristni R. Sigurjónssyni og Páli G. Jónssyni, og hafa báðir staðfest þær fyrir dómi. Efnislega eru báðar yfirlýsingar þessar á þá leið, að Knútur Bruun hafi unnið allt undirbúningsstarf vegna kaupa á m/s Grjótjötni og skrifstofa hans hafi annast allt skrifstofuhald. Gert hafi verið ráð fyrir því, að laun yrðu greidd vegna þessara starfa svo og allur útlagður kostnaður, og hafi verið mikill kostnaður á fallinn, þegar skipið var afhent, og enn meiri komið til síðar. Hins vegar hafi afkoma fyrirtækisins aldrei verið slík, að unnt væri að greiða Knúti, og uppgjör við hann hafi aldrei farið fram.

Af fundargerðum Sandskips h/f sést, að hinn 20. ágúst 1976 var samþykkt í stjórn félagsins að fela lögmanni að afhenda skiptarétti Reykjavíkur bú félagsins til meðferðar með það fyrir augum að leitast við að ná nauðasamningum við lánardrottna fyrirtækisins og að viðkomandi lögmaður fái í samráði við skiptarétt að vinna að gerð slíkra nauðasamninga. Einnig var á fundi þessum rætt um sölu á eignum fyrirtækisins til annars fyrirtækis, sem átt hafði sér stað, og kemur fram, að allir samningar um það hafi verið undirritaðir. Mun hlutafélagið þar með hafa hætt öllum störfum.

Samkvæmt gögnum, sem liggja fyrir í máli þessu, hefur ákærði Þorfinnur skilað til Útvegsbanka Íslands og Landsbanka Íslands erlendum gjaldeyri að jafnvirði 7.610.997 íslenskum krónum, en

Þessi fjárhæð svarar til 227.000 norskra króna á gengi hinn 27. ágúst 1976, er verjandi ákærða sendi ríkissaksóknara ljósrít af kvittunum fyrir þessum gjaldeyrisskilum. Samkvæmt þessu hefur ákærði því skilað erlendum gjaldeyri, er svarar til norskra kr. 283.000 af umræddum umboðslaunum. Í málinu er ekki ákært fyrir vanrækslu á skilum gjaldeyris.

III.

Niðurstaða.

A. Ákærði Knútur Bruun.

Ákæruliður I.

Telja verður sannað, aðallega af framburðum framangreindra Norðmanna og að hluta af framburði ákærða Þorfinns svo og af yfirlýsingu („Avtale“) Lars Hovland, dagsettri 25. júlí 1974, að greiðsla til ákærðu, norskar kr. 400.000, hafi verið ákveðin um það leyti sem gengið var frá kaupsamningi. Gegn neitun ákærða Knúts er þó ekki unnt að telja sannað, að hann hafi um þetta vitað þá, enda þótt líkur bendi til, að svo hafi verið. Verður hér lagt til grundvallar, að honum hafi fyrst verið kunnugt um greiðslu á norskum kr. 100.000 til sín, skömmu áður eða um það leyti sem hann tók við henni hinn 9. október 1974, og að hann hafi aldrei vitað um greiðslu á norskum kr. 300.000 til ákærða Þorfinns.

Ákærði kveðst hafa litið á umrædda greiðslu til sín sem nokkurs konar lokaafslátt til kaupanda, og þykir hér rétt að leggja það til grundvallar. Ákærði gerði öðrum stjórnarmönnum Sandskips h/f enga grein fyrir þessari greiðslu. Hann hefur lagt fram reikninga, samtals að fjárhæð norskar kr. 50.917.20, sem hann kveður hafa farið til greiðslna á kostnaði vegna skipsins, en hann sótti um yfirfærslu vegna þeirra, eftir að rannsókn máls þessa hófst. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga eindreginn og endurtekinn framburð ákærða Þorfinns í upphafi rannsóknar málsins, sem hann breytti síðar, eftir að ákærðu höfðu rætt saman um, að hann hefði lagt fram norskar kr. 52.000 til greiðslu á kostnaði vegna skipsins.

Að því leyti sem ákærði Knútur hefur ekki staðið skil á umræddu fé til Sandskips h/f, þ. e. að því er varðar norskar kr. 49.082.80, verður að líta svo á, að hann hafi dregið sér það, þannig að varði við 247. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákæruliður II.

Svo sem að framan greinir, þykir ekki nægilega sannað, að ákærði Knútur hafi við gerð kaupsamnings hinn 25. júlí 1974 vitað um samninga ákærða Þorfinns við seljendur um umboðslaun. Með hliðsjón af því verður hann ekki talinn sekur um ranga skýrslugjöf, er hann staðhæfði í umsóknum um heimild til erlendrar lántöku og um kaup á erlendum gjaldeyri, áður en hann hélt utan til að ganga endanlega frá kaupum skipsins, að kaupverð þess væri norskar kr. 2.800.000. Ber því að sýkna hann af þessum ákærulið.

B. Ákærði Þorfinnur Egilsson.

Ákærði Þorfinnur hefur borið, að hann hafi um það leyti sem kaupsamningur var gerður sett fram kröfu um norskar kr. 300.000 sér til handa í umboðslaun og hafi verið að henni gengið. Hann hefur og borið, að hann hafi ekki sagt ákærða Knúti frá þessari kröfu og greiðslu samkvæmt henni.

Framangreinda greiðslu til ákærða verður að telja óeðlilega háa sem umboðslaun miðað við kaupverð umrædds skips. Samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands, sem gildi á umræddum tíma, var þóknun vegna sölu skipa miðuð við 2% af söluverði, og skilaði ákærði gjaldeyri í samræmi við það. Af gögnum og framburðum þykir og mega ráða, að fjárhæð umboðslauna hafi ráðið nokkru um það, hvaða kaupverð var sett í kaupsamning. Er hér m. a. höfð hliðsjón af framburðum þeirra Gunnars Vegard Skjørestad og Øyvind Beyer, sem gefa til kynna, að seljandi hafi gert sig ánægðan með 2.400—2.500.000 norskar krónur fyrir skipið, svo og það, að greidd umboðslaun til hins norska skipamiðlara, Møkster, voru miðuð við 2.400.000 norskar kr. Ákærða hlaut að vera ljóst, að svo há greiðsla til hans yrði, að minnsta kosti að einhverju leyti, á kostnað kaupanda skipsins, þ. e. Sandskips h/f. Ákærði leyndi kaupandann þessari staðreynd í þeim tilgangi að hagnast sjálfur. Þetta atferli hans þykir varða við 248. gr. alm. hegningarlaga, sem verður beitt hér, enda þótt ekki sé ákært samkvæmt þeirri lagagrein, sbr. 118. gr. laga nr. 74/1974. Hefur verjendum verið gefinn kostur á að reifa mál-ið að þessu leyti.

Ákærði kveðst aldrei hafa vitað um greiðslu á norskum kr. 100.000 til ákærða Knúts. Með hliðsjón af gögnum og framburðum, einkum fyrrnefndri yfirlýsingu („Avtale“) Lars Hovland, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, en yfirlýsing þessi fannst í fórum ákærða, verður engu að síður að telja sannað, að ákærða hafi verið fyllilega kunnugt um greiðslu þessa og hann reyndar

staðið að samningum um hana. Þykir rétt að líta á samninga ákærða á þessum tíma um sérstök umboðslaun til ákærða Knúts sömu augum og framangreinda samninga hans um umboðslaun sjálfum sér til handa, og telst þetta atferli hans því einnig varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing og önnur viðurlög.

Ákærði Knútur Bruun hefur ekki sætt kæru né refsingu áður, svo kunnugt sé.

Ákærði Þorfinnur Egilsson hefur ekki áður sætt kæru né refsingu, sem máli skiptir við úrlausn þessa máls.

Eftir atvikum þykir refsing ákærða Knúts Bruun hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Refsing ákærða Þorfinns Egilssonar þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði.

Í ákæru er þess krafist, að ákærðu verði sviptir leyfum til málflutnings. Ákærði Knútur Bruun fékk leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti 13. desember 1973 og fyrir héraðsdómi 8. apríl 1963, en ákærði Þorfinnur fékk leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi 2. október 1967. Samkvæmt 2. mgr. 68. gr. alm. hegningarlaga þykir verða að taka kröfu ákæruvaldsins um sviptingu leyfa til málflutnings til greina. Samkvæmt því verður ákærði Knútur sviptur leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi og Hæstarétti og ákærði Þorfinnur Egilsson leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi, og þykir sviptingartími að því er báða ákærðu varðar hæfilega ákveðinn 3 ár.

Engar skaðabótakröfur hafa verið lagðar fram í málinu.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls málskostnaðar in solidum, en ákærði Knútur greiði skipuðum verjanda sínum, Jóhannesi L. L. Helgasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 250.000 í málsvarnarlaun og ákærði Þorfinnur greiði skipuðum verjanda sínum, Jóni Finnssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 250.000 í málsvarnarlaun.

Meðferð máls þessa hefur dregist nokkuð, í fyrsta lagi sökum starfs dómarans í mjög umfangsmiklu máli allt árið 1977 og síðan vegna sendingar málsins til frekari rannsóknar í Noregi á árinu 1978.

Dóms orð:

Ákærði Knútur Bruun sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði Þorfinnur Egilsson sæti fangelsi 5 mánuði.

Ákærði Knútur Bruun er sviptur leyfi til málflutnings

fyrir Hæstarétti og héraðsdómi í 3 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Þorfinnur Egilsson er sviptur leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi í 3 ár frá birtingu dómsins að telja.

Ákærðu greiði kostnað máls þessa in solidum. Ákærði Knútur Bruun greiði auk þess skipuðum verjanda sínum, Jóhannesi L. L. Helgasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 250.000 í málsvarnarlaun. Ákærði Þorfinnur Egilsson greiði skipuðum verjanda sínum, Jóni Finnssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 250.000 í málsvarnarlaun.

Þriðjudaginn 10. mars 1981.

Nr. 46/1979. **Almennar tryggingar h/f**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Ólafi Heiðari Ólafssyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 9. mars 1979. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Vátryggingarskilmálar þeir, sem áfrýjandi vísar til í málflutningi sínum, voru ekki afhentir stefnda ásamt vátryggingarskírteini. Getur áfrýjandi því ekki með stoð í 3. mgr. 45. gr. laga nr. 20/1954 sýnað stefnda um vátryggingarbætur með skírskotun til tl. 2(a) í vátryggingarskilmálum þess-